



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 4/2015

Álagning dagsekta á Drífa ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnuettirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnuettirlits ríkisins til Drífa ehf., kt. 480173-0159 að Austurvegi 20, 870 Vík þann 30. nóvember 2012, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að gera skyldi tímasetta áætlun um að senda öryggistrúnaðarmann og öryggistrúnaðarvörð á námskeið varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 24. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Í ofangreindri ákvörðun Vinnuettirlits ríkisins kom fram að félagið skyldi tilkynna Vinnuettirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð tvisvar sinnum með bréfum sem Vinnuettirlit ríkisins sendi Drífu ehf., dags. 16. júní 2013 og 9. júlí 2013. Með bréfi Vinnuettirlits ríkisins, dags. 6. ágúst 2013, var svo frestur fyrirtækisins til úrbóta framlengdur til 1. desember 2013. Þrátt fyrir þessar ítrekanir og framlengdan frest þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnuettirlits ríkisins.

Með bréfi, dags. 11. desember 2014 var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnuettirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Drífa ehf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnuettirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Þrátt fyrir framangreint bréf var ekki farið að fyrirmælunum. Þann 5. janúar 2015 fór Drífa ehf. fram á frest til að ljúka úrbótum skv. ofangreindri ákvörðun Vinnuettirlitsins. Veitti stofnunin Drífu ehf. frest til 1. júní 2015, til að

klára úrbætur. Þrátt fyrir ofangreindan frest var ekki farið eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Skv. 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögnum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfærð.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Drífa ehf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 38 starfsmenn hjá Drífa ehf. en fyrirtækið stundar fatar- og vefjariðnað, auk smásölu og heildsölu.

III. Ákvörðunarorð

„Drífa ehf., kt. 480173-0159 hefur brotið gegn 24. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Drífu ehf. Skal fyrirtækið greiða kr. 25.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 30. nóvember 2012.”